

REGLUGERÐ

um sérstaka úthlutun til skel- og rækjubáta
skv. 1. tl. 1. mgr. 10. gr. laga nr. 116/2006, um stjórn fiskveiða.

1. gr.

Þar sem takmarkaðar innfjarðarækjuveiðar voru stundaðar í Arnarfirði, Skjálfanda og Eldey og engar innfjarðarrækjuveiðar voru stundaðar á Húnaflóa, Skagafirði, Öxarfirði og norðurfjörðum Breiðafjarðar á fiskveiðiárinu 2013/2014, skal á fiskveiðiárinu 2014/2015 úthluta aflamarki sem nemur samtals 687 þorskígildislestum til báta, sem hafa hlutdeild í innfjarðarækju á áðurgreindum svæðum.

Við útreikning uppbóta er miðað við að skerðingin verði ekki meiri en 30% frá meðalafra rækjuvertíðanna 1996/1997 - 2005/2006 að frádregnum afla í innfjarðarrækju fiskveiðisins 2013/2014 á viðkomandi svæði, nema á Eldeyjarsvæði skal miða við almanaksárið 2013. Verðmæta-
stuðullinn fyrir rækju er 0,52, miðað við þorskígildi og koma 101 þorskígildislest í hlut báta frá Arnarfirði, 148 þorskígildislestir í hlut báta við Húnaflóa, 153 þorskígildislestir í hlut báta við Skagafjörð, 70 þorskígildislestir í hlut báta á Skjálfanda, 201 þorskígildislestir í hlut báta við Öxarfjörð og 14 þorskígildislestir í hlut báts í norðurfjörðum Breiðafjarðar.

2. gr.

Þar sem engar hörpudisksveiðar voru stundaðar í Arnarfirði, Húnaflóa, Breiðafirði og Hvalfirði á fiskveiðiárinu 2013/2014 skal á fiskveiðiárinu 2014/2015 úthluta aflamarki sem samtals nemur 983 þorskígildislestum til báta, sem aflahlutdeild hafa í hörpudiski á áðurgreindum svæðum.

Við útreikning uppbóta er miðað við að skerðingin verði ekki meiri en 30% frá meðalafra árunna 1998 til 2007. Verðmæta-
stuðullinn fyrir hörpudisk er 0,32, miðað við þorskígildi, og koma 7 þorskígildislestir í hlut báta frá Arnarfirði, 33 þorskígildislestir í hlut báta við Húnaflóa, 919 þorskígildislestir í hlut báta við Breiðafjörð og 24 þorskígildislestir í hlut báta við Hvalfjörð.

3. gr.

Úthluta skal uppbótum til einstakra báta á grundvelli þeirrar aflahlutdeildar sem þeir hafa í rækju og skel á viðkomandi svæði og miðast við aflahlutdeild eins og hún er 1. ágúst 2014. Uppbæturnar skulu skiptast á eftirgreindar tegundir: Þorsk, ýsu, ufsa og steinbít, í hlutfalli við leyfilegt heildarmagn í þessum tegundum.

4. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 3. mgr. 10. gr. laga nr. 116/2006, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum, til að öðlast þegar gildi og koma til framkvæmda 1. september 2014.

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu, 3. júlí 2014.

F. h. sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra,
Jóhann Guðmundsson.

Baldur P. Erlingsson.